



Alþingi  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 9. mars 2018

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) tekur undir nauðsyn á að áframhaldandi uppbygging flutningskerfis raforku sé mikilvæg forsenda í atvinnu- og byggðapróun svo ekki sé talað um orkuöryggi í dreifðum byggðum.

Stjórn SASS varar við þröngu orðalagi í 4. tölulið A-liðar tillögunnar en þar kemur m.a. fram „Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið.“ Það hefur vafist fyrir aðilum hvar mörk hálendisins liggja. Á Vísindavef Háskóla Íslands kemur sem dæmi fram hugleiðing um skilgreiningu á orðinu hálendi „Hafa sumir viljað miða við tiltekna hæð yfir sjó (oftast 200, 300 eða 400 m y.s), aðrir við byggðarmörk og enn aðrir við svokallaða „hálendisbrún“ sem er glögg, há og brött, víða um land. Munur er ekki alls staðar mikill á þessum mismunandi mörkum.“

Með framangreindu orðalagi í 4. tölulið A-liðar tillögunnar telur stjórnin að lokað sé á þann möguleika að ráðast í línulagnir yfir hálendið, þ.m.t. að þær verði lagðar í jörð. Ef hugmyndin er að þetta eigi eingöngu við um ákveðinn hluta hálendisins færi betur á að tilgreina þann hluta og ef með orðinu „línulagnir“ er átt við „loftlínur“ þá færi betur á að nefna það.

Stjórn SASS ítrekar mikilvægi uppbyggingar á flutningskerfinu til að tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri